



15. stjórnarfundur LH  
22. september 2021 kl. 20:00  
Fjarfundur

**Mætt:** Guðni Halldórsson, Sóley Margeirsdóttir, Stefán Logi Haraldsson, Hákon Hákonarson og Gréta V. Guðmundsdóttir úr aðalstjórn, Aníta Aradóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn.

**Fjarverandi:** Siguroddur Pétursson og Eggert Hjartarson úr aðalstjórn og Ingimar Baldvinsson, Lilja Björk Reynisdóttir og Einar Gíslason úr varastjórn.

**Fundargerð ritar:** Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar 14. fundar
2. Reikningar LH – 8 mánaða uppgjör  
Farið yfir tekjur og gjöld fyrstu 8 mánuði ársins.  
*Afgreiðsla: Til kynningar.*
3. Málþing um afreksíþróttir  
Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ stendur fyrir málþingi fyrir sambandsaðila þar sem ætlunin er að fjalla um Afreksstefnu ÍSÍ og helstu áherslupætti afreksstarfs íþróttahreyfingarinnar. Er málþingið undirbúningur fyrir Íþróttaping ÍSÍ, en framhaldsþing fer fram þann 9. október nk. þar sem Afreksstefna ÍSÍ er til umræðu.  
*Afgreiðsla: Kristni Skúlasyni formanni landsliðsnefndar og Gróu Baldvinsdóttur landsliðnefndarmanni falið að sækja málþingið ásamt framkvæmdastjóra.*
4. Hæfileikamótun LH  
Auglýsing um hæfileikamótun var birt í vikunni. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á fyrirkomulaginu frá því fyrra. Árið byrjar á heimsókn að Hólum í lok október þar sem krakkarnir fá kennslu á skólahestunum hjá kennurum Hólaskóla ásamt sýnikennslu. Tvær kennsluhelgar verða yfir veturinn og einn dagur úti á velli í upphafi keppnistímabilsins. Að auki verður boðið upp á spennandi fyrirlestra. Sigvaldi Lárus Guðmundsson verður aðalkennari og með honum verður einn aðstoðarkennari í hvert skipti.  
*Afgreiðsla: Til kynningar.*
5. Þýðing á reglugerð um gæðingakeppni (kafla 7) – beiðni um styrk  
GDLH hefur fengið tilboð í að þýða reglugerð um gæðingakeppni á þýsku.  
*Afgreiðsla: Samþykkt að veita kr. 347.200 (m.vsk.) í verkefnið gegn reikningi frá þýðanda.*
6. Staða verkefna í nefndum
  - a. *Keppnisnefnd*  
Ómar greindi frá stöðu verkefna í keppnisnefnd.
  - b. *Laganefnd*  
Stefnt er á að klára endurskoðun laga fyrir áramót.



*c. Landsliðsnefnd*

Hæflekamótun var auglýst í vikunni, umsóknarfrestur er 4. október. Samningar við þjálfara eru lausir. Stefnumótun og endurskoðun á afreksstarfinu hefst í október.

*d. Mannvirkjanefnd*

Verið er að búa til gátlista fyrir mótshaldara, sérstaklega með skeiðkappreiðar í huga.

*e. Menntanefnd*

Menntaráðstefna í undirbúningi, skráning stendur yfir og er mikill áhugi frá fólki út um allan heim.

*f. Reiðvega- og samgöngunefnd*

Fundur framundan með vegamálastjóra. Rætt er um að gera nýtt samkomulag milli LH og Vegagerðarinnar, en gamla samkomulagið er frá 1982, um að tryggðar séu reiðfærar leiðir með malbikuðum vegum. Samræma þarf skilning á hvað eru reiðleiðir og að svæðisstjórar í öllum landshlutum hafi sama skilning.

*g. Tölvunefnd*

Verið er að finna fundartíma til að ræða samstarfið við Norðmenn og Svíja.

*h. Mótanefnd*

Vinna við mótahandbók er hafin.

*i. Starfshópur um gæðingafimi*

Starfshópur um gæðingafimi fer þess á leit við stjórn LH að hún sendi bréf til stjórnar Meistaradeildar þar sem mælt er til að reglur LH verði notaðar í MD í vetur.

*Afreiðsla: Samþykkt.*

*j. Starfshópur um útbreiðslu- og kynningarmál*

Lagt er til að ráðinn verði verktaki til að taka að sér ímyndar- og kynningarmál á samfélagsmiðlum LH, með það að markmiði að varpa ljósi á hinn almenna hestamann og almenna hestamennsku. Lendingarsíða á vef LH í vinnslu „hvernig byrja ég í hestamennsku“.

*Afreiðsla: Starfshópurinn leggur fyrir stjórn betri lýsingu á verkefninu, markmiðum þess og kostnaðaráætlun.*

*k. Valnefnd*

Rætt um uppskeruhátíðina, heiðursverðlaun og kynningu á tilnefndum knöpum.

7. Önnur mál

a. Vinnuhelgi stjórnar 8. til 9. október, frá miðjum föstudegi til hádegis á laugardegi.

b. Skipun formanns í nefnd um Íslandsmót í gæðingakeppni  
Sóleyju Margeirsdóttur falið að gegna formennsku í nefndinni.

*Fundi slitið kl. 22.20*